

# Verklagsreglur stjórnar Barnamenningarhátíðar

## um úthlutun styrkja vegna kostnaðar við verkefni á hátíðinni.

### 1.gr.

Markmið Barnamenningarhátíðar er að efla menningarstarf fyrir börn og ungmenni í borginni. Barnamenningarhátíð er vettvangur þar sem þátttaka barna og ungmenna er lykilatriði og lögð er áhersla á menningu barna, með börnum og fyrir börn. Leiðarljós hátíðarinnar eru gæði, margbreytileiki, jafnræði og gott aðgengi. Vettvangur hátíðarinnar er borgin öll og fara fjölbreyttir viðburðir fram í skólum, frístundamiðstöðvum, lista- og menningarstofnunum borgarinnar. Aðgengi að öllum viðburðum skal vera ókeypis.

Barnamenningarhátíð tekur mið af markmiðum menningarstefnu Reykjavíkurborgar en þar segir að menning og listir eru snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni. Börn og fjölskyldur þeirra eru virkir þátttakendur í menningarlífinu og framlag barna til menningar skal metið að verðleikum.

### 2.gr.

Markmiðið með úthlutun er að styðja hugmynd til framkvæmdar.

Þegar fjárhagsáætlun komandi hátíðar liggur fyrir er gert ráð fyrir að hluta fjármagns sé úthlutað til samstarfsaðila vegna kostnaðar við framkvæmd viðburða.

### 3.gr.

Við heildarúthlutun skal haft í huga eftirfarandi;

- aldursdreifing (0-18 ára)
- dreifing á hverfi
- dreifing á listgreinar
- viðburðir fari fram;
  - á starfsvettvangi barna
  - innan lista- og menningarstofnanna
  - í almenningsrými jafnt innan sem utan húss
  - í skóla- og frístundastarfi
  - í frítíma fjölskyldunnar

Við mat umsókna er jafnframt haft í huga;

- menningarlegt gildi verkefnisins
- fagleg hæfni framkvæmdaraðila þar sem það á við
- nýsköpun og frumkvöðlastarfi veitt brautargengi
- hvernig verkefnið auðgar barnamenningu í borginni
- samstarf milli stofnana, starfsstaða og listamanna

- fjármögnun og framkvæmdageta
- gæði umsóknar. Vinnsla og framsetning umsóknar. Skýrleiki og sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð
- ekki eru veittir útgáfustyrkir
- ekki eru veittir ferðastyrkir (rútur, strætó osfrv)
- margir geti notið

#### 4.gr.

Auglýst skal eftir umsóknum í síðasta lagi í desember. Sótt er um rafrænt á vef Barnamenningarhátíðar. Styrkjum verður úthlutað í síðasta lagi um miðjan febrúar, þegar fjárhagsáætlun borgarinnar hefur verið samþykkt og önnur fjármögnun hátíðarinnar liggur fyrir. Verkefnisstjórar leggja fram yfirlit yfir umsóknir ásamt tillögu að framlagi til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn Barnamenningarhátíðar ber endanlega ábyrgð á úthlutun. Verkefnisstjórar hafa heimild til að taka sjálfstæðar ákvarðanir sameiginlega um kostnað sem nemur allt að 75 þúsund krónum á hvert einstakt verkefni eftir að formlegri afgreiðslu umsókna er lokið, hafi viðbótarfjármagn vegna hátíðarinnar komið til á seinni stigum. Tilkynnt skal um þá úthlutun á næsta stjórnarfundum.

#### 5.gr.

Þeim sem njóta styrkja ber að skila inn reikningsupplýsingum til Höfuðborgarstofu á netfangið [barnamenningarhatid@reykjavik.is](mailto:barnamenningarhatid@reykjavik.is) eigi síðar en 4 vikum eftir að tilkynning um úthlutun hefur farið fram.

Reykjavík, 25. nóvember 2016.

